

STEFÁN EINARSSON

...vildi óska að hér væri skemra á milli en heilt heimshaf...

Rætur og ræktarsemi Stefáns Einarssonar frá Höskuldsstöðum í Breiðdal við byggðarlagið sitt!

Erindi flutt á málþingi til heiðurs Stefáni Einarssyni laugardaginn 11. júní 2011
í Gamla kaupfélagshúsinu á Breiðdalsvík

Páll Baldursson

Hver var Stefán Einarsson?

Fæddist á Höskuldsstöðum í Suðurdal
í Breiðdal 9. júní 1897.

Foreldrar:

Einar Gunnlaugsson bóndi og póstafrgreiðslumaður,
og Margrét Jónsdóttir húsmóðir.

Björn hálfbróðir Stefáns verður úti í túninu á
Höskuldsstöðum.

Alsystir Stefáns Aðalheiður lést tæplega 17 ára.

Stefán og Aðalheiður



...vildi óska að hér væri skemra á milli en heilt heimshaf...

Helstu æviatriði!

Ólst upp á Höskuldsstöðum..

Gagnfræðiskólinn á Akureyri 1913-1914

Stúdentspróf Menntaskólinn í Reykjavík 1917

Að loknu stúdentsprófi eitt ár í heima í Breiðdal

Hóf haustið 1918 nám í heimspekideild Háskóla

Íslands og lauk prófi 1923.

Doktorspróf frá Óslóarháskóla 1927.

...vildi óska að hér væri skemra á milli en heilt heimshaf...

Kennari við John Hopkins háskóla í Baltimore 1928 og síðar prófessor við sama skóla til starfsloka 1962.

Fluttist heim til Íslands og bjó í Reykjavík þar til að hann lést 9. apríl 1972.

Fyrri kona Stefáns Margarethe Schwarzenburg, en seinni kona Ingibjörg Jónheiður Árnadóttir.

Stefán eignaðist ekki afkomendur.



...vildi óska að hér væri skemra á milli en heilt heimshaf...

Fjölmörg önnur trúnaðarstörf.
Heiðursfélagi í fjölmörgum íslenskum og
amerískum fræðafélögum, ræðismaður ofl.

Tvö heiðursrit:



*Nordica et Anglica. Studies in Honor of Stefán
Einarsson 1968.*

Studies in Germanic Philology 1986

Fálkaorða 1939 og heiðursdoktor HÍ 1962.

Ótrúlega atorkusamur fræðimaður,
útgefna bækur og birtar greinar 523 stk.

En hugurinn var oft á tíðum í Breiðdal...



...vildi óska að hér væri skemra á milli en heilt heimshaf...

Römm er sú taug!

Greinilega mikil tengsl...

Bréfaskriftir við vini, ættingja ofl...

**Söfnun á örnefnum, sögnum, sögum, vísnum,
ofl. úr Breiðdal og Austurlandi...**

**Skildi eftir sig mikið handrita- og bréfasafn,
varðveitt í Þjóðarbókhlöðu.**

...vildi óska að hér væri skemra á milli en heilt heimshaf...

Bækur Stefáns tengd Breiðdal og Austurlandi:

Saga Eiríks Magnússonar. 1933.

Breiðdæla - Drög til sögu Breiðdals. 1948.

Austfirðir sunnan Gerpis. Árbók FÍ. 1955.

Austfirðir norðan Gerpis.

Árbók FÍ. 1957.

Austfirsk skáld og rithöfundar.

1964.

Einnig fjöldi greina eftir Stefán í blöðum og tímaritum tengdar Breiðdal og Austurlandi.




...vildi óska að hér væri skemra á milli en heilt heimshaf...

Örnefnasöfnun:

Stefán vann ötullega að söfnun örnefna í Breiðdal og á Austurlandi.

Örnefnasöfnunin var m.a. nátengd ritun Breiðdælu og Árbóka Ferðafélags Íslands.


Stefán var óþrjótandi að hvetja aðra í söfnuninni og ferðaðist sjálfur um Austurland til að leita heimilda.



...vildi óska að hér væri skemra á milli en heilt heimshaf...

Úr bréfi Stefáns til Sigurjóns í
Snæhvammi 6. mars 1931:

“Kæri vinur!
Illa þykir mér þú reynast
um bréfaskriftirnar og
lángleiður er ek orðin að
bíða svars frá þér. ... Ég
hef nú skrifað Óla
Guðbrandssyni og Jóni
Gunnarssyni - auk þín ...
og enginn svarar!”



...vildi óska að hér væri skemra á milli en heilt heimshaf...

Úr bréfi Stefáns til Sigurjóns 29. nóvember 1956:

“Nú má vel vera að þú gætir skrifað upp fyrir mig öll örnefni á Kömbum og Heyklifi, kannski líka á Hvalnesi næsta bæ. Og því meir sem þú ýttir á eftir Stöðfirðingum og Nönnu, því betra þætti mér. Þegar ég kem ætla ég að hafa með mér öll örnefni á Strönd og í Breiðdal og láta kallana leiðrétta þau og leyfa þeim að afrita ef þeir vilja.”

...vildi óska að hér væri skemra á milli en heilt heimshaf...

Upptökur:

Í Árnastofnun eru varðveittar upptökur sem Stefán tók á Austfjörðum í september 1954 og svo aftur sumarið 1957. Um er að ræða 5 spólur sem innihalda um 1 og ½ klukkustund af efni.

Stefán var m.a. að taka upp framburð og raddir, þjóðfræðilegan fróðleik, rímur, stökur ofl.

...vildi óska að hér væri skemra á milli en heilt heimshaf...

Úr bréfi 17. október 1952:

“...Betra væri þó að taka alla frásögnina upp á rafband og geyma Jón talandi niðri dós! Í dós vildi ég líka geyma talanda Gísla á Brekkuborg, því hann hygg ég tala einhverja þá allrafallegustu Breiðdælsku sem ég heyrði síðast heima.”

Jón Björgólfsson Þorvaldsstöðum
Gísli Stefánsson Brekkuborg

...vildi óska að hér væri skemra á milli en heilt heimshaf...

Um tveimur árum síðar eru raddir þessara
heiðursmanna ásamt fleirum komnar niður í
dós...

Jón Björgólfsson Þorvaldsstöðum
Gísli Stefánsson Brekkuborg

...vildi óska að hér væri skemra á milli en heilt heimshaf...

“Ég ætla að biðja þig að heilsa kunningjunum í kring, tengdafólkinu. Ég vildi óska að hér væri skemra á milli en heilt heimshaf, þá myndi ég koma og kjafta við þig á helgum.”

...vildi óska að hér væri skemra á milli en heilt heimshaf...